

Reykjavík 8. apríl 2021

Til: Rakel Kristjánsdóttir UST

Athugasemdir ráðgjafanefndar um erfðabreyttar lífverur vegna umsóknar ORF um útiræktun á erfðabreyttu bygggi og fyrri umsagnar nefndarinnar um hana, að fengnum viðbótargögnum frá ORF líftækni og Landgræðslunni.

- Nefndin undrast að ræktun erfðabreytts byggs sé fyrirhuguð á fleiri en einum reit (skv. samstarfssamningi ORF líftækni og Landgræðslu). Í umsókn var talað um reit í eintölu. Þar sem fjöldi reita hefur bein áhrif á áhættumat gerum við þá kröfu að umsækjandi útskýri hví fleiri en einn reitur er nauðsynlegur eðaendurskoði þörf fyrir fleiri en einn reit. Við treystum Umhverfisstofnun til að fylgja eftir þessu máli og senda nefndinni tilkynningu um niðurstöðu þess.
- Þar sem hluti af umsögn nefndarinnar er að meta áhættu, er mjög mikilvægt að nefndin hafi aðgang að öllum gögnum sem haft geta áhrif á þetta mat. Nefndinni var t.d. ekki gert ljóst hve nálægt ám eða lækjum tilraunareiturinn yrði staðsettur, en þær upplýsingar hefðu átt að koma fram í lið III.B umsóknarinnar. Í ljósi þessa óskar nefndin, í fyrsta lagi, eftir því að í framtíðinni liggja slík gögn fyrir áður en nefndin gefur umsögn sína. Og í öðru lagi að tilraunareitir séu hafðir í hæfilegri fjarlægð frá ám og lækjum, að lágmarki 100 m, þar sem ár og lækir eru vel þekktur flutningsmáti fyrir fræ.

Virðingarfyllst fyrir hönd nefndarinnar



Pétur Henry Petersen, PhD

Formaður ráðgjafanefndar um erfðabreyttar lífverur